

Kennsluáætlun - Dans

9. - 10. bekkur / Haustönn 2025

Lota. 6 skipti, 1 klst + 25 mín hver kennslustund

Kennari: Gígja Jónsdóttir

Kynning á námsgreininni / Markmið

Danskennslan byggist á því að opna nemendum fyrir fjölbreyttum aðferðum innan dansformsins. Kennslan er byggð á 12 skilningarvitum Rudolfs Steiner með því markmiði að skapa heildræna upplifum meðal nemenda þar sem unnið er með líkamsvitund, hreyfitækni, skapandi tjáningu, tilfinningadýpt og félagsleg tengsl.

Nemendur kynnast margvíslegum vinnubrögðum í skapandi dansvinnu, þar sem þau kanna hreyfingar út frá mismunandi aðferðum. Nemendur fræðast um starfsumhverfi danslistafólks á Íslandi og birtingarmyndir dans í samtímanum. Lögð verður áhersla á sköpunargleði, samstarf og hópefli þar sem nemendur læra samvinnu og hlustun sem og að hver nemandi njóti sín og tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur vinna eitt heimaverkefni þar sem þau kynna sér dansstíl sem höfðar til þeirra og miðla til samnemenda og kennara í gegnum munnlega frásögn.

Engin fyrri reynsla af dansi er krafist - aðeins vilji til að hreyfa sig, kanna og tengjast.

Nemendur mæta í þægilegum fatnaði sem hentar líkamlegri hreyfingu.

Kennsluaðferðir

- Lært í gegnum líkamann: Kennari leiðir mismunandi upphitunar æfingar og hreyfileiki
- Æfingar sem þjálfar skynjun, líkamsvitund og hlustun
- Ímyndunaraflið virkjað og listræn nálgun þjálfuð í gegnum ólík skapandi hópverkefni
- Spunaaðferðir sem hvetja til sjálfstæðis og skapandi lausnahæfni
- Samvinna og samstarf í pari
- Íhugun og endurspeglun í samtali og í vinnubækur
- Vettvangsferð

Hæfniviðmið

Nemendur geta:

Dans og skapandi vinna:

- Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.
- Byggt eigin sköpun á hugmyndavinnu tengdri upplifunum, umhverfi og gagnrýnni hugsun.
- Notað mismunandi aðferðir á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Sýnt skilning á fjölbreytileika dansformsins.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.
- Geti komið fram og sýnt danssköpun sína.

Tjáning og miðlun:

- Tekið virkan þátt í kennslustund og unnið eftir fyrirmælum.
- Sýnt opið og jákvætt viðhorf.
- Hlustað af athygli á aðra og tjáð eigin hugsanir, skoðanir og þekkingu skýrt og áheyrilega.

Sjálfstæði og samvinna:

- Virt samskiptareglur, tekið tillit til jafningja í samstarfi, hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin
- Sýni sjálfstæð vinnubrögð, geti rætt um hugmyndir sínar og tjáð þær í verkefnum.

Námsmat

- Virkni og vinnubrögð
- Hlustun og þátttaka
- Samskipti og samvinna við samnemendur og kennara
- Sköpun og listræn nálgun